

Matvælaráðuneyti  
B.t. Rebekka Hilmarsdóttir  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Akureyri, 22. mars 2023  
Tilv.2023-02-20-0134

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi á samráðsgátt (veiðistjórn grásleppu)

### **1. Svæðisbinding grásleppuveiða og 1. gr. frumvarpsins**

Nokkur álitafni koma upp varðandi svæðisskiptingu veiðiheimilda í grásleppu.

Lag er til að það verði óheimilt að flytja aflahlutdeild og aflamark milli svæða en það gæti orðið erfitt fyrir Fiskistofu að hafa eftirlit með því þegar skip er selt eða skráð á öðru svæði. Það væri einfaldara fyrir framkvæmdina að skipta aflahlutdeild niður í flokka inn á hvert svæði með svipuðum hætti og gert var þegar sæbjúgu voru sett í hlutdeild.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Fiskistofa telur að það færi betur á því að finna ákvæðinu annan stað með tilliti til uppbyggingu laganna. Ef efnisgreinar eru gróflega flokkaðar þá fjallar 5. gr. um veiðisvæði og veiðarfæri, 6. og 7. gr. laganna fjalla um veitingu leyfa, 8. gr. svæðaskiptingu veiðarfæra, 9. gr. friðunarákvæði osfrv. Að mati Fiskistofu færi betur á því að staðsetja ákvæðið á eftir 8. gr. sem nýja 8. gr. a og að efni til eingöngu fjalla um veiðisvæðin og jafnvel reglugerðarheimild, en ekki hvað a útgerðir hafa heimildir til að veiða (sjá meðfylgjandi frumvarpsdrög með breytingum og athugasemdum).

Sá hluti er varðar veiðarnar og aflaheimildarnar ætti frekar að vera í lögum um stjórn fiskveiða á frekar heima sem nýr málslíður í 2. mgr. 8. gr. laga 116/2006, um stjórn fiskveiða. “Aflahlutdeild í grásleppu er bundin við það veiðisvæði skv. X. gr. laga nr. 79/1997 sem skip var skráð á við upphaflega úthlutun aflahlutdeilda.”

### **2. 6. gr. frumvarpsins**

Fiskistofa er ekki það stjórnvald sem hefur þekkingu til að meta hvort náttúrlegar aðstæður á veiðisvæði hafi breyst með þeim hætti að heimila ætti flutning aflamarks. Eðlilegra væri að það væri Hafrannsóknastofnun sem myndi meta það og ráðherra gæfi þá út almenn

stjórnvaldsfyrirmæli sem heimila flutning af tilteknu svæði í stað þess að Fiskistofa legði mat á hvert einstakt tilfelli og heimilaði einstaka færslur á aflamarki milli svæða.

### 3. 3. másl. bráðabirgðaákvæðisins

Krókaaflmarksskip sem hafa haft heimild til að veiða grásleppu með neti skv. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eru eftir sem áður skip sem eru með rétt til að fá leyfi til grásleppuveiða og hafa stundað veiðar á grundvelli þeirra. Ákvæðið veitir ekki sjálfstæðan rétt til veiðanna utan sóknastýringar sem leiðir af 1. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Fiskistofa fær því ekki séð að nauðsynlegt sé að tiltaka þessi skip í bráðabirgðaákvæðinu.

### 4. Aðrar athugasemdir

Í meðfylgjandi frumvarpsdrögum er búið að færa inn einhverjar þær breytingar sem vísað er til hér að framan auk annarra orðalagsbreytinga. Breytingar miða m.a. að því að gera skýrari mun á réttindum og leyfum. Þá var einnig lesið yfir greinagerðina með frumvarpinu og færðar inn breytingar þar sem Fiskistofa taldi eiga við. Helst ber þar að nefna umfjöllun um hvort atvinnuréttindi þeirra aðila sem eiga skip með rétt til að fá grásleppuleyfi séu tryggð.

Að lokum vill Fiskistofa nefna að efni frumvarpsins felur í sér ný verkefni fyrir Fiskistofu. Hér er sérstaklega vísað til eftirlits með því að aflaheimildir flytjist ekki milli svæða. Til að kom á slíku eftirliti þarf að uppfæra tölvukerfi og setja girðingar á heimildirnar. Fiskistofa hefur ekki forræði yfir því hvar skip eru skráð og kallar þetta því einnig á aukið samstarf milli stofnanna. Þessi framkvæmd er frábrugðin annarri framkvæmd aflamarksstjórnar og mun fela í sér ný verkefni sem þarf að fjármagna

Þá er einnig frumvarpinu lagt til að 5,3% aflamagns í grásleppu verði nýtt fyrir nýliða. Mikilvægt er að reglur um slíka framkvæmd verði mjög skýrar, einfaldar og fyrirsjáanlegar í framkvæmd og mun þetta einnig vera nýtt verkefni sem kallar aukið fjármagn.

F.h. Fiskistofu

Erna Jónsdóttir - FISK

